

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um 187  
endurveiting hlunninda til handa sparisjóði. — Út af beiðni frá stjórn sparisjóðs- 30. des.  
ins á Akureyri í brjefi dags. 20. f. m., er hingað hefir borizt beina leið, vil jeg hjer  
með endurveita tjeðum sjóði um 5 ár, frá 1. janúar næstkomandi að telja, eða til  
31. des. 1895, hlunnindi þau, sem talin eru í tilsk. 5. jan. 1874, með þeim skilyrð-  
um, að trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, ekki rýrni, að ákvarðananna um  
reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins  
sendi landshöfðingja á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins. Svo ber og að  
skýra landshöfðingja frá því, ef breyting verður á lögum sjóðsins.

Þetta bið jeg yður þjónustusamlega að tilkynna hlutaðeigandi stjórnarnefnd.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um skilning á  
lögum 24. jan. 1890 um meðlag með óskilgetnum börnum. — Í þóknanlegu brjefi, 188  
dags. 2. p. m., hafið þjer, herra sýslumaður, látið í ljósi, að yður virðist ákvæði 3. 30. des.  
greinar í lögum 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum, eigi svo ýtar-  
leg sem æskilegt væri, og hafið því beint til úrlausnar minnar eptirfylgjandi fyrir-  
spurnum :

1. Hvort vistarsveit eða framfærslusveit barnsföður geti ekki krafizt, að upphæð  
barnsfúlgu þeirrar, er hún hans vegna greiðir af hendi, sje áður úrskurðuð af  
amtmani.
2. Hvort vistarsveit eða framfærslusveit barnsföður sje skylt að greiða meðgjöf með  
barni hans, þótt hann njóti styrks af fátækrafje.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, yður til leiðbeiningar,  
að jákvæði ber að greiða við báðum hinum ofanrituðu fyrirspurnum.

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbankans árið 1889.

189

### Tekjur:

1. Í sjóði 1. janúar 1889 . . . . .	kr. 122087,79
2. Borguð lán :	
a. Fasteignarveðslán . . . . .	kr. 87974,56
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán . . . . .	— 18196,37
c. Handveðslán . . . . .	— 4958,25
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl. . . . .	— 4575,95 — 115705,13
3. Fasteign lögð bankanum út fyrir láni, að upphæð . . . . .	— 1500,00
4. Vixlar innlestir . . . . .	— 68512,04
5. Ávísanir innleystar . . . . .	— 8173,40
6. Vextir :	
a. Af lánnum . . . . .	kr. 32402,95
(hjer af er áfallið fyrir lok reikn.tímab. kr. 15950,29	
Fyrirfram greiddir vextir fyrir síðari	
reikningstímabil . . . . .	— 16452,66
	kr. 32402,95)
	<u>Flyt kr. 32402,95 kr. 315978,36</u>

31. dag desembermán. 1890,